



## Fundargerð

**409. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 8. júní 2017. Þetta er 6. fundur ársins og er aukafundur sveitarstjórnar.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 2 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, varaoddviti býður fundarmenn velkomna. Eva Björk Harðardóttir D-lista boðar forföll. Í stað Evu er mættur Bjarni Bjarnason 1. varamaður D-lista.

Varaoddviti óskar eftir viðbót við dagskrá

Viðbót við dagskrá:

### **IV. Annað kynningarefni**

1. Erindi frá landeigendum í Syðri-Vík dags.02.06.2017

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### **Dagskrá**

#### **I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

Engin málefni til umfjöllunar.

#### **II. Fundargerðir til samþykktar**

128. fundargerð skipulagsnefndar dags.06.06.2017.

##### **1. Eignarhaldsfélagi Efri-Víkur – Niðurfelling byggingarleyfis.**

Eignarhaldsfélag Efri-Víkur kt. 631078-0799 óskar eftir því að byggingarleyfi sem veitt var 4.apríl 2017 á lóð með landnúmerið 225141 verði fellt úr gildi hið fyrsta. Í samræmi við skriflega beiðni þess efnis.

*Í bréfi er tiltekið að byggingarleyfi hafi verið samþykkt í skipulagsnefnd þann 24.apríl. Málið var samþykkt á grundvelli deiliskipulags þann 4.apríl. Nefndin fellst á að fella úr gildi byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar og felur skipulags og byggingarfulltrúa að annast úttekt á stöðu verksins og stöðva framkvæmdir. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Þar sem deiliskipulag svæðisins hefur ekki tekið gildi var ekki komin heimild fyrir útgáfu byggingarleyfis á ofangreindu landnúmeri. Byggingarleyfið skal því fellt úr gildi. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að bæta verkferla í skipulagsmálum sveitarfélagsins.*

#### **III. Fundargerðir til kynningar.**

Engar fundargerðir til kynningar

HGA

#### **IV. Annað kynningarefni.**

1. Erindi frá landeigendum í Syðri-Vík dags.02.06.2017. *Kynnt.*



Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 21. júní 2017  
Fundargerð lesin upp og samþykkt  
Fundu slitið kl. 13:25

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir  
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Sverrir Gíslason  
Sverrir Gíslason

Bjarni Bjarnason  
Bjarni Bjarnason

Jóhannes Gissurarson  
Jóhannes Gissurarson

Bjarki Guðnason  
Bjarki Guðnason